

Hverfisnefnd í Holta og Hlíðahverfi.

Fyrsti fundur nefndarinnar haldinn í Glerársskóla 8.mars 2006.

Mættir voru: Jón Heiðar Daðason
Magna Guðmundsdóttir
Valdimar Pálsson
Helga Aðalgeirsdóttir
Eiríkur Jónsson
Sigurjón Magnússon

1. Stjórnin skipti með sér verkum.

Formaður var kosinn Jón Heiðar Daðason og ritari Sigurjón Magnússon

Aðrir í stjórn eru Valdimar Pálsson, Magna Guðmundsdóttir, Helga Aðalgeirsdóttir. Varamenn eru Eiríkur Jónsson, Jórunn Jóhannesdóttir og Stefanía Dögg Vilmundardóttir.

2. Aðalskipulag Akureyrarbæjar.

Þar sem frestur til athugasemda vegna aðalskipulags var skammur var ákveðið að þessi fyrsti fundur færi í að skoða það. Spunnust nokkrar umræður um skipulagið og þá sérstaklega þéttingu byggðar og afleiðingar þess. Allir fundarmenn létu skoðanir sínar í ljós og voru menn mjög sammála. Ákveðið var að Eiríkur setti saman drög að ályktun sem síðan yrði send Akureyrarbæ eftir athugasemdir/breytingar nefndarmanna.

3. Önnur mál.

- *Fundartími.*

Ákveðið að funda einu sinni í mánuði 2.míðvikudag hvers mánaðar. Þó skal næsti fundur vera 19.apríl! Öllum er frjálst að mæta þ.e. aðal- og varamönnum. Formaður boðar til fundar.